

Forsætisnefnd

***Endurskoðun á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.***

Á fundi borgarstjórnar 20. febrúar sl. voru samþykktar ellefu tillögur um skipulag stjórnarsýslu Reykjavíkurborgar, sem höfðu það að meginmarkmiði að einfalda, skýra og skerpa stjórnarhætti Reykjavíkurborgar. Í tillögu sem var merkt númer 8 kemur fram að á innleiðingartíma breytinganna verði unnið að viðeigandi breytingum á samþykktum Reykjavíkurborgar og þær lagðar fyrir borgarstjórn til samþykktar tímanlega fyrir gildistöku breytinganna 1. júní nk. Jafnframt verði skipulag og verkefni nýrra kjarnasviða mótað og skipulag og verkefni skrifstofu borgarstjórnar, mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og skrifstofu borgarstjóra og borgarritara endurskoðað. Loks er lagt til að erindisbréf nýrra sviðsstjóra verði mótuð og gildandi starfslýsingar/erindisbréf annarra stjórnenda endurskoðuð í samræmi við breytt skipulag og breytta verkaskiptingu.

Með erindisbréfi dags. 8. apríl sl. skipaði borgarritari verkefnahóp sem var falið að yfirfara og samræma gildandi samþykktir um stjórn Reykjavíkurborgar og ráð með tilliti til yfirstandandi breytinga á stjórnarsýslu og gera nýja samþykkt fyrir framkvæmdastjórn Reykjavíkur. Verkefnahópurinn er að leggja lokahönd á verkið og er stefnt að því að leggja fram eftirtaldir samþykktir til afgreiðslu borgarstjórnar á fundi hennar 18. júní nk.:

- Samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar ásamt viðaukum.
- Samþykkt fyrir skóla- og frístundaráð
- Samþykkt fyrir velferðarráð
- Samþykkt fyrir innkaupa- og framkvæmdaráð
- Samþykkt fyrir mannréttinda-, nýsköpunar og lýðræðisráð
- Samþykkt fyrir framkvæmdastjórn Reykjavíkur
- Samþykkt fyrir íbúaráð Reykjavíkur

Verkefnahópurinn óskar nú eftir ábendingum og athugasemdum frá forsætisnefnd sem unnt er að taka tillit til á lokametrum vinnunnar.

Virðingarfyllst

Helga Björk Laxdal  
skrifstofustjóri borgarstjórnar

